

**Deiliskipulag - samþykkt í borgarráði 16. maí 2000**

Afmörkun lóðar fyrir húsið að Kaplaskjólsvégi 2.

Greinargerð.

Landnotkun samkvæmt aðalskipulagi 1996-2016 er íbúðarbyggð og grænt svæði.

Húsið var byggt árið 1906. Það hefur staðið að mestu óbreytt að ytra byrði til þessa dags. Í umsögn Árbæjarsafns 21.9.1999 segir: "Varðveislugildi þessa hús felst í því hversu upprunalegt það er og að það er eini vitnisburðurinn um elstu byggðina á þessu svæði (þ.e. sunnan Hringbrautar) sem enn stendur."

Ákveðið hefur verið að marka húsinu lóð. Lóðin verður tæplega 280 m<sup>2</sup>.



Gert er ráð fyrir að húsið standi sem næst óbreytt, en leyfa má smávægilegar breytingar á því innan byggingarreits, í samræmi við byggingarstíl þess. Húsið er háð þjóðminjalögum um breytingar. Kvöð verði um að húsið verði gert upp og varðveitt í samráði við Borgarskipulag og borgarminjavörð.

Gert er ráð fyrir að lóðin verði leigulóð. Kvöð verði um að húsið verði ekki rífið og ekki byggt annað hús á lóðinni. Ef húsið eyðileggst má endurbyggja það, en ekki byggja annað hús.

Heimilt er að koma fyrir einu bílastæði á lóð.

**Deiliskipulagsbreyting : Lóðarmörkum breytt**

- lóðarmörk
- byggingarreitur
- skipulagsmörk



Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024

**Breyting:**

Lóðarmörkum er breytt þannig að lóðarstærð verður 394 m<sup>2</sup> í stað 280 m<sup>2</sup>. Lóðin er eignarlóð. Að öðru leyti eru skilmálar óbreyttir og gert ráð fyrir að húsið standi sem næst óbreytt, en að leyfa megi smávægilegar breytingar á því innan byggingarreits, í samræmi við byggingarstíl þess.

Deiliskipulag þetta, sem unnið hefur verið samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og samþykkt var í skipulags- og byggingarnefnd

þann 7. maí 2003

og í borgarráði þann 13. maí 2003

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild stjórnartíðinda

þann \_\_\_\_\_

*Helga Þorreykjavíkur*

**KAPLASKJÓLSVEGUR 2**

Breytt afmörkun lóðar.

Dags. 1. apríl 2003

MP

m. 1:500



Reykjavíkurborg  
Skipulags- og byggingarsvið  
Borgartúni 3, 105 Reykjavík,  
Sími 563 2340  
Myndsendir 562 3219  
Netfang: skipbygg@rvk.is